



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Sýningarstjóri Aðalsteinn við þrjú verka Kjarvals á sýningunni *Andlit úr skýjum - mannamyndir Jóhannesar S. Kjarvals, á Kjarvalsstöðum.*

Kjarval kemur stöðugt á óvart

● **Sýning helguð mannamyndum Kjarvals opnuð á Kjarvalsstöðum** ● **Myndirnar ekki af fólki heldur um það, segir sýningarstjórinn Aðalsteinn Ingólfsson**

Helgi Snær Sigurðsson
helgisnaer@mbl.is

„Það hefur, í raun og veru, aldrei verið sett upp sérstök sýning á mannamyndum og portrettmyndum Kjarvals,“ segir Aðalsteinn Ingólfsson, sýningarstjóri myndlistarsýningarinnar *Andlit úr skýjum - mannamyndir Jóhannesar S. Kjarvals*, sem opnuð verður í dag á Kjarvalsstöðum og er einmitt helguð manna- og portrettmyndum þess mikla meistara. Aðalsteinn segir að viðfangsefnið hafi því legið vel fyrir og það hafi verið hans hugmynd að draga saman bestu mannamyndir, portrettmyndir og andlitsmyndir Kjarvals og sýna þær í einhverju samhengi.

Aðalsteinn er spurður hvort hann hafi þurft að finna nýjan vinkel á þessi verk, í ljósi þess hversu vel þjóðin þekkir orðið verk Kjarvals. „Hafandi viðfangsefnið á tæru var aðalmálið að finna kannski ný verk eða verk sem fólk þekkti ekki, nýjan vinkel, það var aðalhausverkurinn,“ svarar hann.

Úr raunsæi yfir í fantasíu

En kom Aðalsteini eitthvað á óvart við skoðun þessara verka Kjarvals? „Jú, jú, Kjarval kemur manni stöðugt á óvart. Það voru verk sem ég hafði ekki hugmynd um og fann bara í gegnum tengsl við eigendur og áhugamenn um Kjarval, með því að elta uppi alls konar vísbendingar og upplýsingar um hver ætti hvað,“ svarar Aðalsteinn og líkir þeirri rannsókn við



Bónði Ein af stórkostlegum mannamyndum Kjarvals, „Björn Jóhannsson bónði“ frá 1927, verk í einkaeigu. Á annað hundrað mynda verða til sýnis.

lögregluvinu. Aðalsteinn segist ekki hafa gert neinar nýjar uppgötvanir varðandi listræna þróun listamannsins en segir augljósa ákveðna þróun í mannamyndum frá frekar hefðbundnu raunsæi, þ.e. að teikna fólk eins og það kemur fyrir í veruleikanum yfir í myndir þar sem fantasía er meira

áberandi og hugarflug. „Á endanum eru komnar myndir sem eiga að vera af fólki en líkjast alls ekki fólkinu. Myndirnar bera nafn þeirra en okkur flestum finnst þær ekkert líkjast þeim. Þá er það vegna þess að flestar myndanna hans eru ekki af fólki heldur um það, hvað honum finnst um þetta

fólk,“ útskýrir Aðalsteinn. „Hann notar gjarnan landslag til að lýsa fólkinu, er kannski með mynd af einhverjum svipmiklum og sterkum karakter og notar þá kannski björg eða eitthvað merkilegt og massíft úr náttúrunni til að lýsa manninum. Hann er eins og náttúran,“ heldur Aðalsteinn áfram. Þetta sé þróunin hjá Kjarval, hann fari að breyta út af því sem hann sjái og leggja meiri áherslu á eigin hugmyndir og fantasíur.

Vildi heldur teikna og mála alþýðufólk

Sýningin er í einum sal Kjarvalsstaða og eitthvað á annað hundrað myndir til sýnis, að sögn Aðalsteins. Þeirra á meðal eru mannamyndir sem Kjarval vann á Ítalíu og myndir af íslensku alþýðufólki. „Það var hans fólk,“ segir Aðalsteinn um alþýðufólkið fyrir austan og að Kjarval hafi haft mun meiri ánægju af því að teikna slíkt fólk en fyrimenni í Reykjavík.

En hvernig stendur á því að fyrst núna er haldin sýning á mannamyndum Kjarvals? „Þetta er eitthvað út af því að hann hefur þennan sess meðal Íslendinga sem landslagsmálari númer eitt, tvö og þrjú. Fólk á erfitt með að tala um hann sem mannamyndamálara en svo kemur í ljós að það sem gerist í þessum myndum er að hann tengir saman íslenskt landslag og mannamyndir,“ svarar Aðalsteinn.

Sýningin verður opnuð kl. 20 í kvöld.